

Siglingaklúbburinn Þytur

# Skýrsla stjórnar Starfsárið 2016



Styður barnastarf Þyts

# **Siglingaklúbburinn Þytur**



## **Efnisyfirlit**

### **Inngangur**

- 1. Stjórn Þyts:**
- 2. Breyttar áherslur**
  - Opna félagið fyrir nýjum félögum
  - Mótaðar verklagsreglur og handbók
  - Nýta betur samfélagsmiðlum og verða sýnilegri á netmiðlum
  - Lenging siglingatímans og auka fjölbreytni
  - Gera alla báta siglingahæfa
  - Bæta samstarf við bæjaryfirvöld og öryggisaðila
  - Bjóða upp á róðra- og sigilingatækifæri fyrir fatlaða
  - Bjóða kajakáhugamenn velkomna
- 3. ÆFingahópur kænusiglara**
- 4. Opið hús fyrir félagsmenn – Áhersla á þátttöku fjölskyldunnar**
- 5. Róðratækifæri fyrir alla 11 ára nemendur í Hafnarfirði í maí**
- 6. Opið hús og siglingatækifæri fyrir almenning á Björtum dögum og sjómannadagshelgina**
- 7. Samstarf við Vinnuskóla Hafnarfjarðar og sumarnámskeið fyrir börn 10 -16 ára**
- 8. 17. júní 2016 – Róðratækifæri á neðri læknum kl. 13:00 – 19:00**
- 9. ÆFingabúðir SIL**
- 10. Mót**
- 11. Framkvæmdir og tekjuleiðir**
- 12. Lokaorð**

## Inngangur

Starfsárið hófst með sérstakri uppákomu á aðalfundi, þar sem varaformaður sagði sig úr stjórn vegna þess að hann taldi sig ekki geta starfað með nýkjörnum stjórnarmanni og var Hörður Páll Guðmundsson kjörin í hans stað til eins árs.

Daginn eftir lýsti kjörinn formaður, Ragnar Hilmarsson, því yfir í tölvupósti til stjórnarmanna að hann segði sig einnig úr stjórninni. Á stjórnarfundi sem aldursforseti stjórnar boðaði til, setti kjörinn formaður það skilyrði fyrir áframhaldandi veru sinni sem formaður að umræddur stjórnarmaður viki sæti fyrir fyrrverandi varaformanni. Þetta gat stjórnin ekki fallist á og því var aldursforseta falið að boða til aukaaðalfundar til að kjósa nýjan formann.

Aukaaðalfundur var boðaður á sama hátt og aðalfundur þann 10.febrúar og var þar ákveðið að stjórnin myndi skipa með sér verkum formanns, varaformanns, gjaldkera og ritara og skipuð aðeins 6 stjórnarmönum til næsta aðalfundar.

### 1. Stjórnið var þannig skipuð 2016:

Pétur Th. Pétursson	Formaður	Kjörin 2015 til 2 ára
Hörður Páll Guðmundsson	Varaformaður	Kjörin 2016 til 1 árs
Áskell Fannberg	Gjaldkeri	Kjörin 2016 til 2 ára
Árni Hilmarsson	Ritari	Kjörin 2016 til 2 ára
Gunnar Freyr Gunnarsson	Meðstjórnandi	Kjörin 2015 til 2 ára
Markús Elvar Pétursson	Meðstjórnandi	Kjörin 2016 til 2 ára

## **2. Breyttar áherslur**

### **Opna félagið fyrir nýjum félögum**

Stjórnin setti sér í upphafi að fylgja félögum og hvetja forráðamenn til að vera virkari í starfi barna sinna. Í því skini var árgjaldið auglýst sem fjölskyldugjald, þ.e. að árgjaldið gildir fyrir hjón og börn yngri en 18 ára. Einnig var ákveðið að taka ekki gjald fyrir afnot af bátum félagsins til þess að örfa áhuga á siglingum og fá meiri nýtingu á bátana.

### **Mótun verklagsreglna og handbókar**

Stjórnin stefnir að því að vinna handbók fyrir alla verkferla þannig að félagar viti hvað er í boði. Í upphafi voru samþykktar húsreglur, og reglur fyrir notkun seglaloftsins. Einnig voru hegðunarviðmið ÍSÍ sett upp sem grundvallar reglur um samskipti og framkomu í starfi þrys.

### **Nýta betur samfélagsmiðla - Verða sýnilegri á netmiðlum**

Opnaðar voru facebook síður fyrir kjölbatasiglara, kænusiglara og kayaksiglara þrys á árinu. Vefsíðu þrys [www.sailing.is](http://www.sailing.is) var haldið gangandi, en mikilvægt er að uppfæra hana á næsta ári og nýta hana til að kynna betur félagið og starfsemi þess.

### **Lenging siglingatímans og auka fjölbreytni í starfinu.**

Lögð var áhersla á að lengja starfstímann félagsins. Þannig hafa nýliðar í kænuhópur félagsins æft alla laugardaga og þriðjudaga frá því í mars og fram í janúar á þessu ári auk þess sem einnig voru æfingar á fimmtudögum í sumar. Kjölbátar félagsins hófu siglingar frá Hafnarfirði til Reykjavíkur. Á Markus Elvar þakkir skilið fyrir hans framlag til að ná þessu markmiði.

### **Gera alla báta siglingahæfa**

Unnið var að því að sem flestir báta þrys væru tilbúnir til notkunar á fjörukerrum, en mikið vantaði á að svo væri, þar sem ekki hafði verið gerða ráðstafanir í tíma að kaupa varahluti eða gera við minniháttar skemmdir. Segja má að mikið hafi áunnist í þessu efni á árinu.

### **Bæta samstarf við bæjaryfirvöld og öryggisaðila**

Skrifað var undir nýjan rekstrarsamning og þjónustusamning við Hafnarfjarðarbæ. Ber að þakka þann skilning og velvilja sem þytur nýtur hjá bæjaryfirvöldum og bæjarbúum.

### **Bjóða upp á róðra- og sigilingatækifæri fyrir fatlaða**

Eitt af markmiðum þrys var að bjóða fötluðum upp á róðra- og sigilingatækifæri. Var áhugi okkar kynntur viðkomandi starfsmönnum Hafnarfjarðarbæjar og sýndu þeir því áhuga, en ekkert varð úr framkvæmd að þessu sinni. Er vonast til að hugmyndinni verð haldið opinni fyrir þennan hót ef áhugi er á slíku.

### **Bjóða kajakáhugamenn velkomna**

Samþykkt var að bjóða kayakræðara velkomna í þyt til að auka fjölbreytnina og leita leiða í samráði við þá um að þeir geti geymt báta sína á athafnasvæðinu þrys. Hefur nokkuð áunnist í því máli á árinu.

### **3. Æfingahópur kænusiglara**

Æfingahópur kænusiglara var kallaður saman í mars að frumkvæmi Markúsar og hefur hópurinn mætt til æfinga síðan þá á laugardögum og þriðjudögum og hefur sjaldan fallið úr siglingadagur frá mars og fram í janúar á þessu ári. Framan af sá Sindri Þór um þjálfunina en eftir að hann forfallaðist vegna slys, tók Markús Elvar við þjálfun hópsins. Er ánægjulegt að sjá að hlutfall kynjana í æfingahópnum er sem næst jafnt.

### **4. Opið hús fyrir félagsmenn – Áhersla á þáttöku fjölskyldunnar.**

Lögð var áhersla á að bjóða nýja félaga velkomna og hafa opið hús fyrir félagsmenn, ekki síst börn og foreldra á laugardögum, þar sem tækifæri gafst til að fara út á bát. Til að örfa þáttöku voru afnot af bátum félagsins ókeypis til félagsmanna.

### **5. Róðratækifæri fyrir alla 11 ára nemendur í Hafnarfirði í maí**

Í maí var öllum 11 ára nemendum grunnskólanna í Hafnarfirði boðið að koma í aðstöðu þrys og fá tækifæri til að róa á kayjökum og róðrabátum félagsins og tókst þessi kynning með ágætum. Þáðu allir grunnskólarnir boðið. Undirbúnigur og skipulagning var í höndum Péturs Th. formanns félagsins en hann naut aðstoðar Sindra Þórs Hannessonar.

### **6. Opið hús og siglingatækifæri fyrir almenning á Björtum dögum og um sjómannadagshelgina**

Félagsmenn undir forstu Markúsar Elvars og Árna Hilmarssonar buðu almenningi í aðstöðu þrys og að fara út á báta félagsins á Björtum dögum og um sjómannadagshelgina og var þáttaka góð. Nokkuð á 400 manns nýttu sér þennan möguleika.

### **7. Samstarf við Vinnuskóla Hafnarfjarðar og sumarnámskeið fyrir börn 10 -16 ára**

Að venju stóð þytur fyrir 6 siglinganámskeiðum fyrir 10 til 16 ára í júní og júlí. Hvert námskeið stóð yfir í tvær vikur, hálfan daginn. Námskeiðin voru vel sótt. Viljum við þakka afar velheppnað samstarf við Vinnuskóla Hafnarfjarðar, sem lagði laun fyrir leiðbeinendur, gæslumenn og aðstoðarmenn.

### **8. 17. júní 2016 – Róðratækifæri á neðri læknum kl. 13:00 – 19:00**

Þytur skipulagði í boði Hafnarfjarðarbæjar róðratækifæri á neðri læknum kl. 13 til 19 á 17.júní og var löng biðröð í bátana allan tímann.

### **9. Æfingabúðir SIL**

Þytur tók að sér með vikufyrirvara að halda 10 daga æfingabúðir fyrir SIL í aðstöðu þrys í Hafnarfirði dagana 2.-9.júlí, en áförmáð hafði verið að hafa þær á Eskifirði. SIL fékk reyndan kænusiglingabjálfara frá Englandi, Tim Anderton til að leiða starfið og siglingakeppni í lokin. Um 20 krakkar tóku þátt í sumarbúðunum, en foreldrahópur þrys, sá um allan undirbúning og eldun. Þótti viðburðurinn og mótið á eftir takast með afbigðum vel.

## **10.Mót**

Þyts stóð fyrir Opnunarmóti kjölbáta 21.maí. Siglt var frá Reykjavík til hafnarminnis Hafnarfjarðarhafnar. 6 kjölbátar tóku þátt: Dögun, Lilja, Sigurborg, Skegla, Ögrun og Ásdís.

Þytur stóð einnig fyrir lokamóti á kænum þann 27.ágúst. Kept var á hafsvæðinu út af Hvaleyrarholti. Þátttakendur voru 20

## **11.Framkvæmdir og tekjuleiðir**

Halldið var áfram með framkvæmdir á geymsluloftinu inn af seglaloftinu og var það spæslað, málað og dúklagt. Eru Gunnari Frey og fleiri félögum færðar þakkir fyrir það framtak.

Seglaloftið var leigt út til Jókafjarðar hluta úr virkum dögum frá haustdögum og fyrir þær tekjur var ráðist í að kaupa eldvarnarhurð og setja hana upp þannig að hægt væri að flytja borð og stóla beint af geymsluloftinu á seglaloftið á vögnum.

Einnig var gerður samningur við Merkingu ehf. um gerð kynningarborða til að gera þyts sýnilegri almenningi og auglýsingarborðar til tekjuöflunar, sem strektir voru á girðingu um athafnasvæðið.

## **12.Lokaorð**

Fullyrða má að mikill árangur hefur náðst í starfi félagsins. Aukning varð á þátttöku bæði yngri og eldri siglarar og veruleg aukning var á þátttöku kvenna í siglingastarfinu. Þannig fóru yfir 900 einstaklingar 1 klst eða lengur úti á sjó og siglt var í það minnsta 1400 klst frá aðstöðu þyts. Náðst hefur að byggja upp kjarna verðandi keppenda á kænur sem tók þátt í kænumótum sumarsins í fyrt sinn. Veruleg aukning var á siglingum á kjölbátum félagsins og voru farnar fjölmargar ferðir milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur með nýja félagsmenn og til að taka þátt í þriðjudagskeppnum á kjölbátum frá Reykjavík. Þetta má þakka ötulu starfi sjálfboðaliða. Er þeim öllum þökkuð góð störf og mikið vinnuframlag.

Aukin notkun kallar á aukið viðhald og endurnýjun. Til að minnka álagið og viðhaldsvinnuna, hefur verið lögð áhersla á atriði sem bæta umgengni, s.s. að taka róðrabáta upp á gúmmímottur í rampinum og hafa alla báta á fjörukerrum. Þessi ráðstöfun hefur skila góðum árangri. Hallda þarf áfram á þessari braut.

Hafnarfirði 30.janúar 2017

Fyrir hönd stjórnar Siglingaklúbbsins þyts

Pétur Th. Pétursson formaður

## ÁRITUN SKOÐUNARMANNA

---

Höfum yfirfarið fylgiskjöl og reikningsfærslu í bókhaldi þyts fyrir árið 2016.  
Engar athugasemdir.

Hafnarfirði 30. janúar 2017.

Daniel Helgason  
Daniel Helgason

Þórður Helgason  
Þórður Helgason.

**SIGLINGAKLÚBBURINN ÞYTUR**

**Rekstrarreikningur 1. janúar - 31. desember 2016**

	<b>2016</b>	<b>2015</b>
<b>TEKJUR</b>		
Lottó frá ÍBH	570.323	1.102.479
Aðrir styrkir bæjarfélaga	5.952.569	4.200.000
Íslands- og bikarmeistararatitill	0	600.000
Tekjur af lþróttamótum	94.000	114.000
Tekjur af aðstöðu	242.700	220.200
Félagsjöld	176.000	162.500
Tekjur af vörusölu	171.200	22.888
Tekjur námskeiða	1.991.033	885.975
<b>REKSTRARTEKJUR ALLS</b>	<b>9.197.825</b>	<b>7.308.042</b>
<b>GJÖLD</b>		
Laun gr. innlendum þjálfurum	0	410.054
Launatengd gjöld	0	68.604
Kostn. v/skemmtanahalds	21.005	364.381
Kostnaður v/mótahalds	32.710	196.088
Kostnaður v/æf.búða, námskeiða o.fl.	338.113	387.224
Póstur	10.150	37.825
Sími / Internet	125.018	120.337
Heimasíða	0	17.077
Rafmagn	368.288	305.194
Hiti	140.917	284.285
Rægsting og hreinlætisvörur	264.333	154.371
Ritföng & pappír	7.560	32.772
Posaleiga	86.667	85.202
Auglýsingar	111.552	57.644
Stofnframkvæmdir mannvirkja	861.388	
Viðhald bygginga og lóða	45.934	3.697.579
Viðhald kjölbáta	208.287	1.756.828
Viðhald öryggisbáta	293.243	
Viðhald kæna	1.204.780	266.490
Öryggisbúnaður	146.584	314.137
Eldsneyti	172.413	209.939
Tryggingar	528.078	488.542
Opinber gjöld	78.416	103.163
Leiga á landssvæði og fasteignabjöld	330.801	382.350
Afskriftir	1.885.701	382.350
<b>REKSTRARGJÖLD ALLS</b>	<b>7.261.938</b>	<b>10.122.436</b>
<b>Hagnaður (tap) án fjármagnsliða</b>	<b>1.935.887</b>	<b>-2.814.394</b>
<b>Fjármagnsliðir</b>		
Vaxtatekjur	-24.920	-4.881
Vaxtagjöld og bankakostnaður	422.677	297.663
<b>Fjármagnsliðir alls</b>	<b>397.757</b>	<b>292.782</b>
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b>	<b>1.538.130</b>	<b>-3.107.176</b>

**Efnahagsreikningur 31. desember 2016**

	<b>2016</b>	<b>2015</b>
<b>EIGNIR</b>		
<b>Handbært fé</b>		
Hlaupareikningur 987	325.327	-420.888
Verðtryggður reikningur 101198	1	112
Verðtryggður reikningur 712626	38.217	37.009
Hlaupareikningur 680978	864.833	-5.505.952
Hlaupareikningur 31871	57.320	58
<b>Handbært fé alls</b>	<b>1.285.698</b>	<b>-5.889.661</b>
<b>Kröfur og birgðir</b>		
Kröfur	0	600.000
<b>Kröfur og birgðir alls</b>	<b>0</b>	<b>600.000</b>
<b>Mannvirki</b>		
Bygging	40.210.520	40.210.520
Secrete 26	1.064.172	1.064.172
Wayfarer	469.173	13.866
Laser	2.402.504	854.952
Optimist	535.754	535.754
Tópas	2.484.855	2.615.637
Calypso kayakar	436.107	
Vangard 620	2.052.548	2.280.609
Valiant 450	603.222	634.971
Therri	238.669	238.669
Valiant 500 Sport #1	6.208.021	5.854.198
Valiant 500 Sport #2	5.681.119	5.223.032
<b>Mannvirki alls</b>	<b>62.386.664</b>	<b>59.526.380</b>
<b>EIGNIR ALLS</b>	<b>63.672.362</b>	<b>54.236.719</b>
<b>SKULDIR</b>		
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Skammtímaskuldir	0	3.289.956
<b>Skammtímaskuldir alls</b>	<b>0</b>	<b>3.289.956</b>
<b>Langtímaskuldir</b>		
Landsbanki	2.158.333	2.858.333
Íslandsbanki	80.000	200.000
<b>Langtímaskuldir alls</b>	<b>2.238.333</b>	<b>3.058.333</b>
<b>Eigið fé</b>		
Eigið fé í upphafi árs	47.506.080	46.613.256
Endurmat eigna	0	4.000.000
Öryggisbátar	12.389.819	
Hagnaður (tap) tímabilsins	1.538.130	-3.107.176
<b>Eigið fé alls</b>	<b>61.434.029</b>	<b>47.506.080</b>
<b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS</b>	<b>63.672.362</b>	<b>53.854.369</b>

30. janúar 2017

**Stjórn félagsins:**

Pétur Th Pétursson (sign)  
 Áskell B Fannberg (sign) Markús Þætursson (sign)  
 Gunnar F Gunnarsson(sign) Hörður Páll Guðmundsson(sign)  
 Árni Þór Hilmarsson (sign)

**Skoðunarmenn:**

Höfum yfirfarið fylgiskjöl og  
 reikningsfærslu.  
 Engar athugasemdir.  
 Daniel Helgason (sign)  
 Þórður Helgason (sign)

**Til Upplýsingar með ársreikningi fyrir árið 2016 frá stjórn Siglingaklúbbsins Þyts.**

**Samþykkt um greiðslu verktakareiknings frá Markus Lifenet ehf.**

Stjórn Siglingaklúbbsins Þyts samþykkir að greiða verktakareikning frá Markus Lifenet ehf. nr. 4257 kr. 400.000 fyrir þjálfun og kr. 1.152.000 fyrir umsjón með viðhaldi á bátum félagsins og miðlun þekkingar um viðhald báta á árinu 2016, samtals kr. 1.552.000,-.

Þar sem reikningurinn barst fyrrverandi stjórn eftir að reikningsári 2016 var lokað og komst því ekki í ársreikninga fyrir árið 2016 sem skoðaðir voru og samþykktir af skoðunarmönum félagsins samþykkir stjórnin að umræddur reikningur verði með í ársreikningi fyrir árið 2017 og að stjórnin láti fylgja með ársreikningi 2016 eftirfarandi yfirlýsingu undirskrifaða af núverandi gjaldkera og formanni:

„Vegna síðbúins reiknings vegna þjálfunar kr. og fyrrirbyggjandi viðhalds á bátum og miðlun þekkinga um viðhald á bátum kr. vantar umrætt inn í ársreikning Siglingaklúbbsins Þyts 2016 og verður hann færður á ársreikning 2017.“

**Samþykkt á stjórnarfundi Siglingaklúbbsins Þyts 15.maí 2017.**